

SAMÞYKKTIR

fyrir

LBI ehf.

I. KAFLI

Heiti félagsins, heimili og tilgangur

Skilgreiningar sem þýðingu hafa í tengslum við samþykktir þessar eru tilgreindar í samþykktunum eða í viðauka 1 við þær.

1. gr.

FÉLAGSFORM

1.1 **Félagið** er einkahlutafélag og heitir „**LBI ehf.**“. Félagið starfar samkvæmt lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994 með síðari breytingum („**lög um einkahlutafélög**“).

2. gr.

HEIMILI

2.1 Lögheimili félagsins, höfuðstöðvar og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

TILGANGUR

3.1 Tilgangur félagsins er rekstur eignarhaldsfélags sem felur í sér almenna eignaumsýslu vegna krafna, fasteigna, lausafjár, hlutafjár, viðskiptabréfa, tryggingarréttinda og hvers kyns annarra eigna eða réttinda sem félaginu tilheyra. Tilgangur félagsins er einnig að varðveita, selja, leigja og/eða reka þær eignir og þau réttindi sem félaginu tilheyra, ásamt því að stunda lánastarfsemi, að því tilskyldu að stjórn félagsins hafi ákveðið að slík lánastarfsemi sé réttlætanager og nauðsynleg í því skyni að varðveita eignir eða með öðrum hætti að vinna að því að eignir félagsins, eins og þær eru á hverjum tíma, skili sem mestum heimtum upp í breytanleg skuldabréf og vegna annarrar starfsemi í tengslum við það.

II. KAFLI

Hlutafé og hlutaskrá

4. gr.

HLUTAFÉ

4.1 Hlutafé félagsins er 12.841.600,86 evrur (tölf milljónir átta hundruð fjörutíu og eitt þúsund og sex hundruð komma áttatíu og sex evrur). Í samræmi við nauðasamning félagsins, sem varð bindandi þann 25. desember 2015 („**nauðasamningurinn**“), er greitt fyrir hlutina með skuldajöfnun á móti kröfum sem hluthafar eiga á hendur félaginu. Hlutaféð skiptist í hluti að fjárhæð 0,01 evra hver og margfeldi þar af.

4.2 Hlutafé félagsins skiptist í tvo hlutaflokka, 1.284.160.086 hluti í A-flokki og 0 hluti í B-flokki. Réttindi hluthafa samkvæmt hvorum flokki um sig eru hin sömu að öðru leyti en því að hluthafar sem eiga hlutafé í B-flokki njóta ekki atkvæðisréttar nema um þau atriði er greinir í greinum 21.5 og 21.6 samþykktu þessara.

- 4.3 Heimilt er að gefa út hlutaskírteini í félaginu.

5. gr.
HLUTASKRÁ

- 5.1 Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá í samræmi við 19. gr. laga um einkahlutafélög og skal þar greina: 1) útgáfudag hlutafjár, 2) nafnverð hlutafjár, og 3) til handa hverjum hlutaféð var gefið út, svo og síðari eigendaskipti ásamt nafni, kennitölu (ef við á), heimilisfangi og rafpóstfangi hluthafa eða fulltrúa viðkomandi hluthafa. Ennfremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags. Hlutaskráin skal vistuð á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar. Heimilt er að halda hlutaskrána rafrænt.
- 5.2 Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum og skulu jöfnunarhlutabréf, fundarboð og tilkynningar allar sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutafjár í hlutaskrá. Arður skal greiddur þeim sem skráðir eru í hlutaskrá í lok dagsins sem hluthafafundur, þar sem arðgreiðslan var samþykkt, er haldinn, nema félaginu berist tilkynning um að arður hafi verið framseldur með framsali hlutafjár. Ber félagið enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna því um eigenda- eða aðsetursskipti.

6. gr.
HÆKKUN HLUTAFJÁR

- 6.1 Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 36.839.604 hluti með áskrift nýrra hluta í A-flokki til efnda ágreiningskrafna og skilyrtra krafna, eins og nánar er kveðið á um í 7. gr. samþykkt þessara.
- 6.2 Stjórn félagsins er einnig heimilt að gefa út nýja hluti í félaginu til þess að afhenda eigendum breytanlegra skuldabréfa sem afhent voru sem hluti samningsgreiðslu samkvæmt nauðasamningi félagsins komi til þess að stjórn félagsins ákveði að nýta einhliða breytirétt samkvæmt efni skuldabréfanna.
- 6.3 Einnig er heimilt að hækka hlutafé félagsins í tengslum við úrbótaaðgerðir samkvæmt 12. til 14. gr.
- 6.4 Að öðru leyti er ekki heimilt að hækka hlutafé félagsins.

7. gr.
HLUTAFÉ FYRIR ÁGREININGSKRÖFUR OG SKILYRTAR KRÖFUR

- 7.1 Í samræmi við nauðasamning félagsins, er stjórn félagsins skylt að gefa út nýtt hlutafé í A-flokki í því skyni að efna ákvæði nauðasamnings að því er varðar ágreiningskröfur eða skilyrtar kröfur sem hafa síðar verið samþykktar sem kröfur með rétt hæð sem leitt hefði til þess að þær hefðu haft stöðu samningskrafna við nauðasamning félagsins. Á þetta við í eftirfarandi tilfellum:
- (a) þegar ágreiningarkrafa hefur verið viðurkennd með samkomulagi sem staðfest er af stjórn félagsins eða endanlegri úrlausn íslensks dómstóls; og/eða
 - (b) þegar skilyrði kemur fram er leiðir til þess að skilyrt krafa telst ekki lengur skilyrt við slíkan atburð og af því leiði að kröfuna beri að meðhöndla sem samningskröfu.
- 7.2 Þegar ágreiningskrafa og/eða skilyrt krafa verður viðurkennd samningskrafa, eins og getið er um í gr. 7.1, er stjórninni heimilt og skylt að gefa út og úthluta nýju hlutafé í A-flokki, að

samanlögðu hámarksnafnvirði 360.396,04 evrur, til þess að efna skuldbindingar félagsins vegna slíkrar samningskröfu. Hver kröfuhafi sem á slíka samningskröfu telst hafa skrifað sig fyrir (og á rétt á að vera skráður eigandi að) þeim hlutum í A-flokki sem honum er úthlutað sem greiðslu fyrir slíka samningskröfu. Áskriftarverðið skal vera 0,01 evra á hvern hlut í A-flokki og skal greitt með skuldajöfnun á móti samningskröfunni.

- 7.3 Hlutfé í A-flokki sem gefið er út samkvæmt þessari 7. gr. mun lúta sömu innlausnarskilyrðum og annað hlutfé í A-flokki samkvæmt samþykktum þessum.
- 7.4 Hluthafar falla frá öllum forgangsrétti sem þeir kunna að eiga samkvæmt samþykktum þessum eða á öðrum grundvelli í tengslum við áskrift hlutfjár sem gefið er út samkvæmt heimild í þessari grein.

8. gr.

EIGIN HLUTIR

- 8.1 Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti („**eigin hlutir**“), að því marki sem heimilt er að lögum og samþykktum þessum.
- 8.2 Félaginu er heimilt að lækka hlutfé sitt vegna eigin hluta sem það á, í samræmi við íslensk lög.
- 8.3 Félagið getur ekki átt eigin hluti sem eru umfram 10 prósent af hlutfé félagsins (og kallast slíkir hlutir „**umframhlutir í eigu félagsins**“) lengur en í sex mánuði. Allir umframhlutir í eigu félagsins að þeim tíma liðnum skulu felldir niður með lökkun hlutfjár.
- 8.4 Atkvæðisréttur fylgir ekki eigin hlutum.

9. gr.

STAÐA HLUTHAFA

- 9.1 Engin sérréttindi fylgja neinum hlutum í félaginu. Hluthafar eru ekki skyldir að sæta innlausn hluta sinna að öðru leyti en leiðir af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga og ákvæðum samþykktta félagsins.

10. gr.

FARIÐ EFTIR SAMÞYKKTUM

- 10.1 Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að hlíta samþykktum þessum, eins og þær eru nú eða þeim kann síðar að verða breytt í samræmi við íslensk lög. Hluthafar bera enga ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn.

III. KAFLI

Framsál hlutfjár

11. gr.

FRAMSALSTAKMARKANIR

- 11.1 Viðskipti með hluti í félaginu sæta ekki takmörkunum að öðru leyti en því að stjórn félagsins skal, í samræmi við 15. gr. laga um einkahlutafélög, hafna því að skrá aðilaskipti að hlutum eða hvers kyns kvaðir á þeim, sem fara eða gætu farið í bága við þær framsalstakmarkanir sem fram koma í þessari 11. gr. samþykktanna. Stjórn félagsins skal ekki samþykkja framsal nema hún líti svo á að henni hafi borist gild framsalstilkynning í samræmi við grein 11.4. Nú

- neitar félagið að samþykkja framsal í samræmi við þessa 11. gr. samþykktanna og skal hún þá tilkynna framseljanda þá ákvörðun.
- 11.2 Sá sem eignast hlutafé í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá að undangengnu samþykki félagsstjórnar fyrir framsalinu. Eigi skal slíkt samþykkti veitt nema framsalið samrýmist ákvæðum þessa III. kafla.
- 11.3 Hluthafar í A-flokki skulu ávallt hlíta bindiskilyrðinu.
- 11.4 Framseljendur og framsalshafar skulu umsvifalaust senda framsalstilkynningu á skráða skrifstofu félagsins sem undirrituð er af bæði framseljanda og framsalshafa vegna hvers framsals, ásamt því framsalsskjali og hverju því hlutaskírteini sem skylt er að afhenda í tengslum við viðkomandi framsal. Ef slík framsalstilkynning hefur að geyma rangar eða villandi upplýsingar, ellegar fer á einhvern hátt í bága við grein 11.5, verður litið svo á, í hverju tilviki, að bindiskilyrðið hafi ekki verið uppfyllt og getur þá stjórnin neitað að samþykkja framsalið, eða, hafi stjórnin þegar veitt samþykki og henni síðan orðið ljóst að bindiskilyrðið hafi ekki verið uppfyllt, þá er stjórninni heimilt að grípa til úrbótaáðgerða vegna þeirra hluta í A-flokki og/eða B-flokki sem viðkomandi hluthafi á.
- 11.5 Telji stjórnin ekki víst að upplýsingar í slíkri framsalstilkynningu séu réttar, tæmandi eða að öðru leyti fullnægjandi þannig að hægt sé að meta hvort ákvæði samþykktu þessa séu uppfyllt, eða ef framsalstilkynningin bendir til að framsalið samrýmist ekki samþykktum þessum, eða telji félagið að framsalið myndi að öðru leyti brjóta gegn eða leiða til brots á samþykktum þessum, þá er stjórninni heimilt að neita að samþykkja fyrirhugað framsal.
- 11.6 Sérhver hluthafi (ásamt öðrum aðilum innan sömu samstæðu) skal vera raunverulegur eigandi þeirra eignarréttinda yfir hlutafé sem á hann eru skráð í hlutaskrá, jafnframt skulu öll eignarréttindi yfir hlutafé skráð á nafn hluthafa en ekki á nafn umsýsluaðila. Með því að skrá sig fyrir og greiða fyrir A-hluti telst sérhver hluthafi hafa samþykkt að stjórn félagsins (alfarið að eigin ákvörðun) geti innleyst hvaða A-hluti sem er sem lið í úrbótaáðgerð (samkvæmt ákvæðum 14. greinar) á nafnverði hlutafjárins í þeim tilfellum þegar stjórn félagsins telur; (i) ekki sýnt fram á að sá hluthafi sem skráður er fyrir slíku hlutafé í félaginu sé raunverulegur eigandi þeirra eignarréttinda sem bundnir eru hlutafénu, eða (ii) ekki sýnt fram á að slíkir A-hlutir séu ekki skráðir á nafn umsýsluaðila annars en verðbréfavörsluaðila (eins og þeir eru skilgreindir í 30. grein). Enginn aðili sem einungis á óbein réttindi yfir hlutafé (þar með talið þau réttindi sem viðkomandi á í fórum verðbréfavörsluaðila) á nokkurn rétt til þess, gagnvart félaginu, að hann verði skráður löglegur eigandi slíks hlutafjár.

12. gr.

ÚRBÓTAÁÐGERÐIR VEGNA HLUTHAFA SEM Hafa VANEFNT BINDISKILYRÐIÐ

- 12.1 Stjórn félagsins er heimilt að lækka hlutafé félagsins með innlausn, í samræmi við 37. gr. laga um einkahlutafélög, á umframhlutum í A-flokki í eigu hluthafa í A-flokki á samanlögðu nafnverði þeirra og er stjórninni heimilt, að eigin ákvörðun, að ráðstafa heildarfjárhæðinni sem aflað er með innlausn slíkra umframhluta í A-flokki til þess að úthluta viðkomandi hluthafa í A-flokki þeim heildarfjölda hluta í B-flokki sem svarar til heildarfjölda hinna innleystu umframhluta í A-flokki.

13. gr.

INNLAUSN HLUTA Í B-FLOKKI OG ÚTGÁFA HLUTA Í A-FLOKKI

- 13.1 Stjórn félagsins er heimilt (alfarið að eigin ákvörðun) að lækka hvenær sem er hlutafé félagsins með innlausn, í samræmi við 37. gr. laga um einkahlutafélög, á einhverjum eða öllum hlutum í B-flokki í eigu hluthafa í B-flokki á verði sem svarar til nafnverðs hvers hlutar í B-flokki sem innlausnin tekur til, og er stjórninni heimilt, að eigin ákvörðun, að ráðstafa heildarfjárhæðinni sem aflað er með innlausn slíkra hluta í B-flokki til þess að úthluta viðkomandi hluthafa í B-flokki þeim heildarfjölda hluta í A-flokki sem svarar til heildarfjölda hinna innleystu hluta í B-flokki, enda sé viðkomandi hluthafi í B-flokki ekki, og verði ekki af þessum völdum, hluthafi sem vanefnt hefur bindiskilyrðið.

14. gr.

ALMENN ÁKVÆÐI VARDANDI FRAMSÖL OG ÚRBÓTAADGERÐIR

- 14.1 Litið er svo á að með því að kaupa hluti viðurkenni hver hluthafi að innlausn, sem liður í úrbótaadgerð, verði framkvæmd á nafnverði, óháð öðru verðgildi sem slíkum hlutum kann vera gefið í viðskiptum eða að öðru leyti.
- 14.2 Stjórn félagsins er heimilt að gefa út og úthluta nýjum hlutum í A-flokki í því skyni að innleysa hluti í B-flokki sem eru útistandandi hverju sinni í samræmi við samþykktir þessar. Heimilt er að greiða fyrir hina nýju hluti í A-flokki með skuldajöfnun á móti virði hlutanna í B-flokki.
- 14.3 Stjórn félagsins er heimilt að gefa út og úthluta nýjum hlutum í B-flokki í því skyni að innleysa hluti í A-flokki sem eru útistandandi hverju sinni í samræmi við samþykktir þessar. Heimilt er að greiða fyrir hina nýju hluti í B-flokki með skuldajöfnun á móti virði hlutanna í A-flokki.
- 14.4 Hluthafar skulu ekki eiga neinn forgangsrétt að nýjum hlutum sem gefnir eru út samkvæmt þessari grein.

IV. KAFLI

Beiðni um upplýsingar

15. gr.

HLUTIR OG SKULDABRÉF

- 15.1 Auk skilyrðanna fram koma í 11. gr. er stjórn félagsins hvenær sem er heimilt, með skriflegri tilkynningu sem veitt er með skemmst 10 virkra daga fyrirvara, að skylda alla eða einhverja hluthafa sína til að:
- upplýsa félagið um alla aðra aðila en hluthafann („hagsmunaðili“) sem eiga eignar- eða tryggingarrétt í hlutum þess hluthafa,
 - upplýsa félagið um eðli slíkra eignarréttinda,
 - upplýsa félagið um hvort hluthafinn eða hagsmunaaðili uppfylli bindiskilyrðið, og
 - að afhenda félaginu öll gögn sem stjórnin telur nauðsynleg til að sannreyna deili á hluthafanum og/eða hagsmunaðila.

- 15.2 Stjórn félagsins er hvenær sem er heimilt, með skriflegri tilkynningu sem veitt er með skemmst 10 virkra daga fyrirvara, að skylda alla eða einhverja hluthafa sína til að afhenda gögn sem sýna skuldabréfaeign viðkomandi hluthafa og sérhvers hagsmunaðila (þar á meðal gögn sem sýna eignar- eða tryggingarrétt í slíkum skuldabréfum).
- 15.3 Nú lætur hluthafi hjá líða að láta félaginu í té gögn sem félagið telur viðunandi (með sanngirni) innan 10 virkra daga frá skriflegri tilkynningu um eitthvert ofantalinna atriða, og skal þá litið svo á, þar til viðunandi gögn um viðkomandi atriði berast félaginu (með sanngirni), að umræddur hluthafi sé hluthafi sem vanefnt hafi bindiskilyrðið og skal þá grein 12 gilda.

V. KAFLI *Hluthafafundir*

16. gr. **ALMENNT**

- 16.1 Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins.
- 16.2 Rétt til að sækja hluthafafundi hafa hluthafar, umboðsmenn þeirra og ráðgjafar, endurskoðandi og framkvæmdastjóri.
- 16.3 Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt, dagsett og vottað umboð. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.
- 16.4 Endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum, þótt þeir séu ekki hluthafar.
- 16.5 Stjórn er heimilt að bjóða sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

17. gr. **AÐALFUNDIR**

- 17.1 Aðalfund („aðalfundur“) skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.
- 17.2 Til aðalfundar skal boða með auglýsingu sem birt er á heimasíðu félagsins og með skriflegri tilkynningu til hluthafa sem senda skal með pósti eða rafpósti í samræmi við hlutaskrá samkvæmt 5. gr. samþykkt þessara með skemmst tveggja vikna en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Dagskrá fundarins skal koma fram í fundarboði.
- 17.3 Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann.

18. gr. **DAGSKRÁ AÐALFUNDAR**

- 18.1 Á aðalfundi skulu tekin til afgreiðslu þessi mál:
- (a) Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
 - (b) Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.

- (c) Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á síðastliðnu reikningsári.
 - (d) Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
 - (e) Tillögur til breytinga á samþykktum, ef borist hafa.
 - (f) Kosning stjórnar.
 - (g) Kosning endurskoðanda.
 - (h) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil.
 - (i) Önnur mál.
- 18.2 Um framkvæmd á kjöri stjórnar fer samkvæmt viðeigandi ákvæðum laga um einkahlutafélög.

19. gr. AUKAFUNDIR

- 19.1 Aukafundi skal halda, þegar stjórn þykir við þurfa, samkvæmt fundarályktun, eða ef kjörinn endurskoðandi eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/20 hluta hlutafjárins krefjast þess skriflega og greina fundarefni, enda skal þá boða til aukafundar innan 14 daga frá því að krafan kom stjórn í hendur.
- 19.2 Til aukafunda skal boða með auglýsingu sem birt er á heimasíðu félagsins og með skriflegri tilkynningu til hluthafa sem senda skal með pósti eða rafpósti í samræmi við hlutaskrá samkvæmt 5. gr. samþykktu þessara með skemmst einnar viku og lengst fjögurra vikna fyrirvara. Séu allir hluthafar mættir, eða umboðsmenn þeirra, geta þeir gefið undanþágu frá þessari grein.
- 19.3 Aukafundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann.

20. gr. DAGSKRÁ HLUTHAFAFUNDA

- 20.1 Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar eigi síðar en tíu virkum dögum fyrir upphaf fundar.
- 20.2 Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur og skýrsla endurskoðanda, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eða á heimasíðu þess og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess óskar.

21. gr. ATKVÆÐAGREIÐSLA

- 21.1 Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í A-flokki. Hlutfé í B-flokki er án atkvæðisréttar að öðru leyti en því sem fram kemur í greinum 21.5 og 21.6 hér á eftir, og skal þá eitt atkvæði fylgja hverjum hlut í B-flokki.
- 21.2 Á hluthafafundum ræður afl atkvæða nema á annan veg sé mælt í samþykktum þessum eða íslenskum lögum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar og ræður þá hlutkesti úrslitum. Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar ef einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess.

- 21.3 Með fyrirvara um gr. 21.4 er heimilt að breyta samþykktum þessum á lögmætum hluthafafundi með a.m.k. tveimur þriðju greiddra atkvæða svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. tveimur þriðju af því hlutafé í A-flokki sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í lögum.
- 21.4 Þrátt fyrir ákvæði greinar 21.3 er aðeins heimilt að breyta greinum 28 til 32 (að báðum meðtöldum) og þessari grein 21.4 á lögmætum hluthafafundi (sem sóttur er af hluthöfum, eða umboðsmönnum þeirra, sem ráða yfir a.m.k. 50 prósentum af öllu hlutafé félagsins í A-flokki) með a.m.k. 75 prósentum greiddra atkvæða svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 75 prósentum þess hlutafjár í A-flokki sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, að því gefnu að slíkar breytingar fari ekki á bága við ákvæði nauðasamningsins eða ákvæði skilmála breytanlegu skuldabréfanna.
- 21.5 Þrátt fyrir ákvæði greinar 21.3 þarfnast ákvörðun um breytingar á samþykktum þessum sem valda breytingu á réttindum milli hlutafjár í A-flokki og hlutafjár í B-flokki samþykkis (a) hluthafa er fara með a.m.k. 90 prósent hlutafjár í þeim flokki sem skerðingu skal sæta og sem farið er með atkvæði fyrir á fundi, og (b) meira en helming þessa hlutaflokks í heild.
- 21.6 Samþykki allra hluthafa þarf fyrir ákvörðunum um eftirtaldar breytingar á samþykktum þessum eða lögum:
- (a) Að skerða rétt hluthafa til arðgreiðslu eða annarrar úthlutunar úr hendi félagsins, öðrum en hluthöfum til hagsbóta.
 - (b) Að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu.
 - (c) Að takmarka heimildir hluthafa til meðferðar á hlutum sínum, sbr. 14. og 15. gr. laga um einkahlutafélög.
 - (d) Án þess að skerða gildi ákvæða 12. og 13. gr., að skylda hluthafa til að sæta innlausn hluta sinna án þess að um slit félagsins sé að ræða.
- 21.7 Að öðru leyti vísast til 69. gr. laga um einkahlutafélög.

22. gr.

UNDANÞEGIN ATRIÐI

- 22.1 Hvað sem líður öðrum ákvæðum samþykkt þessara skulu tillögur um eftirtalin atriði ekki tekin fyrir, samþykkt af eða vera bindandi fyrir félagið nema þau séu samþykkt með meirihluta atkvæða á hluthafafundi:
- (a) hvers skyns viðskipti félagsins sem tengjast skuldabréfum sem upphaflega voru gefin út af Landsbankanum hf. í þágu félagsins samkvæmt rammasamningi um skuldabréfaútgáfu (*Framework and Bond Issuance Agreement*) dagsettum 15. desember 2009 milli félagsins og fjármálaráðuneytisins f.h. ríkisstjórnar Íslands, sem síðar var breytt samkvæmt breytingarsamningi (*Amendment and Restatement Agreement*) dagsettum 4. desember 2014 milli Landsbankans hf. og félagsins („**LB skuldabréfið**“), nema um sé að ræða viðskipti sem fela í sér að félagið fallist á endurgreiðslu eða fyrirframgreiðslu LB skuldabréfsins á eða yfir nafnverði;
 - (b) sala einhverra eigna félagsins í viðskiptum eða röð tengdra viðskipta þar sem samanlagt gangvirði er yfir 25.000.000.000 króna og skal stjórnin ákvarða gangvirði eignanna á grundvelli bókfærðs virðis þeirra samkvæmt síðasta endurskoðaða

reikningi, leiðrétt með tilliti til þeirra þátta (þar á meðal álits sérfræðinga) sem eðlilegt er að stjórnin líti til;

- (c) þar til breytanlegu skuldabréfin (sbr. skilgreiningu í 28. gr.) hafa verið endurgreidd að fullu, hvers kyns stofnun til, eða samkomulag um að stofna til, skuldar sem samtals er yfir 25.000.000.000 króna;
- (d) hvers kyns umreikningur gjaldmiðils í íslenskar krónur, nema þær krónufjárhæðir sem myndast með slíkum umreikningi verði einungis notaðar til greiðslu innlendra rekstrargjalda, þar á meðal skatta; og
- (e) félagið hefji nýja starfsemi eða breyting verði á eðli starfsemi félagsins sem stunduð er á þeim degi sem samþykktir þessar taka gildi, nema stjórnin hafi ákveðið (með sanngirni) að slíkar aðgerðir muni verða eigendum breytanlegra skuldabréfa til hagsbóta og muni ekki hafa neikvæð skattaleg áhrif á félagið.

VI. KAFLI

Stjórn félagsins

23. gr.

SAMSETNING STJÓRNAR

- 23.1 Stjórn félagsins, samkvæmt samþykktum þessum, skal skipuð þremur mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnframt má kjósa einn mann til vara. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum. Kosning stjórnar skal jafnan vera skrifleg, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal. Stjórn kýs sér formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórn er heimilt að fela formanni að sinna ákveðnum verkefnum í þágu félagsins eins og lög heimila hverju sinni. Meirihluta stjórnar þarf til að skuldbinda félagið.

24. gr.

ÁKVÖRDUNARBÆRNI OG ATKVÆÐAGREIÐSLNA

- 24.1 Formaður kveður stjórn til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem formaður telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Stjórnarfundir skulu boðaðir með minnst sólarhrings fyrirvara. Boðun með rafrænum hætti telst nægileg. Stjórnarfundir eru ákvörðunarbærir ef boðað er til þeirra með lögmætum hætti og ef meirihluti stjórnarmanna er mættur, eða varamaður ef svo ber undir. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls. Stjórn skal halda gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni. Hver sá, sem rétt á að sitja fund stjórnar, getur krafist þess að bókaðar séu athugasemdir hans og sérálit.

25. gr.

VERKSVIÐ STJÓRNAR

- 25.1 Með fyrirvara um 22. gr. stýrir stjórn félagsins málefnum þess milli hluthafafunda. Um verksvið stjórnar gilda ákvæði samþykpta félagsins, ákvæði laga um einkahlutafélög og önnur ákvæði laga eftir því sem við á. Félagsstjórn skal setja sér starfsreglur.

26. gr.
FRAMKVÆMDASTJÓRI

- 26.1 Stjórn getur falið framkvæmdastjóra, einum eða fleiri, að sinna daglegri stjórnun félagsins að einhverju leyti eða öllu, á sína ábyrgð, að því marki sem lög leyfa. Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að rekstur félagsins sé í samræmi við lög, samþykktir þessar og ákvarðanir stjórnar hverju sinni. Framkvæmdastjóri skal jafnframt gæta þess að uppfylla sjálfur öll sérstök eða almenn lagaskilyrði sem um starf hans eða stöðu kunna að gilda.

VII. KAFLI
Reikningar og endurskoðun

27. gr.
REIKNINGSSKIL

- 27.1 Reikningsár félagsins er almanaksárið.
- 27.2 Ársreikningur félagsins skal endurskoðaður af endurskoðunarfélagi.
- 27.3 Endurskoðunarfélagið skal kjörið á aðalfundi félagsins hverju sinni til eins árs í senn.

VIII. KAFLI
Framkvæmd nauðasamningsins

28. gr.
BREYTNLEG SKULDABRÉF

- 28.1 Í samræmi við nauðasamning félagsins og með vísan til VI. kafla laga um einkahlutafélög, ákvað félagið á hluthafafundi sem haldinn var þann 19. febrúar 2016, að gefa út í þágu samningskröfuhafa sinna (sbr. skilgreiningu í nauðasamningnum) skuldabréf að fjárhæð sem svarar til jafnvirðis 288.059.442.384 króna, gefið út í evrum miðað við skráð sölugengi evru gagnvart krónu á útgáfudegi, sem hægt er að breyta í hluti í A-flokki („**breytanleg skuldabréf**“).
- 28.2 Breytanlegu skuldabréfin verða stofnuð með vörslusamningi (e. trust deed) (eins og honum kann að verða breytt eða hann aukinn á hverjum tíma), og gefin út samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem gilda um breytanlegu skuldabréfin, eins og þeim kann að verða breytt hverju sinni („**skuldabréfaskilmálarnir**“).
- 28.3 Á hluthafafundi sem haldinn var hinn 19. febrúar 2016 var samþykkt að breytanleg skuldabréf með lokagjalddaga hinn 30 nóvember 2035, samkvæmt nauðasamningi félagsins, skyldu gefin út af félaginu til hagsbóta fyrir samningskröfuhafa félagsins. Meginatriði skilmála breytanlegu skuldabréfanna eru sem hér segir:
- (a) Samanlögð heildarfjárhæð breytanlegu skuldabréfanna er sú fjárhæð evra sem svarar til jafnvirðis 288.059.442.384 króna miðað við gengi evru gagnvart krónu á útgáfudegi bréfanna,
 - (b) Lokagjalddagi er 30. nóvember 2035,
 - (c) Greiðslur af breytanlegu skuldabréfunum verða greiddar með handbæru fé félagsins (*Available Cash*) (eins og það er skilgreint í skilmálum breytanlegu skuldabréfanna),

- (d) Breytanlegu skuldabréfin bera ekki vexti, og
- (e) Sérhver samningskröfuhafi, sem fullnægir skilyrðum til þess að fá afhent breytanleg skuldabréf samkvæmt skilmálum nauðasamningsins, mun fá afhent skuldabréf sem að fjárhæð svarar til hlutfalls heildarsamningskröfu viðkomandi kröfuhafa umfram viðmiðunarmark vegna afhendingar verðbréfa (eins og það er skilgreint í nauðasamningi félagsins) samanborið við heildarfjárhæð allra samningskrafna slíkra kröfuhafa umfram hið sama viðmiðunarmark.

Eigendur breytanlegu skuldabréfanna skulu ekki eiga nein réttindi vegna breytinga á hlutafé félagsins, frekari útgáfu breytanlegra skuldabréfa eða áskriftarréttinda, slitum, samruna eða uppskiptingu félagsins.

29. gr.

BREYTING BREYTANLEGRA SKULDABRÉFA

- 29.1 Stjórn félagsins er heimilt að gefa út og úthluta nýjum hlutum í A-flokki sem samtals nema allt að 360.396,04 evrum, til þess að efna skuldbindingar sínar samkvæmt áskriftarréttindum (eins og þau eru skilgreind í grein 29.5), þar á meðal þeim sem gefnir eru út samkvæmt greinum 29.5 og 29.6, í kjölfar þess að hinum breytanlegu skuldabréfum er breytt í samræmi við skuldabréfaskilmálana. Greiða skal fyrir hina nýju hluti í A-flokki með skuldajöfnun á móti virði breytanlegu skuldabréfanna, eins og það ákvarðast af viðeigandi áskriftarréttindum.
- 29.2 Við gildistöku nauðasamningsins munu eigendur breytanlegra skuldabréfa teljast hafa skráð sig fyrir (og eiga rétt á að verða skráðir eigendur að) öllum hlutum í A-flokki sem þeim er úthlutað í samræmi við áskriftarréttindi eða skilyrt áskriftarréttindi þeirra samkvæmt greinum 29.5 til 29.7.
- 29.3 Hlutfé í A-flokki sem gefið er út samkvæmt þessari 29. gr. mun lúta sömu innlausnarskilyrðum og annað hlutfé í A-flokki samkvæmt samþykktum þessum.
- 29.4 Hluthafar sem fyrir eru skulu ekki njóta neins forgangsréttar vegna áskriftarréttinda eða skilyrtra áskriftarréttinda samkvæmt þessari grein 29.
- 29.5 Við breytingu skuldabréfa í hlutfé í A-flokki í samræmi við skuldabréfaskilmálana skal félagið til að byrja með veita hverjum skuldabréfaeiganda áskriftarréttindi („áskriftarréttindi“) að viðeigandi fjölda hluta í A-flokki sem viðkomandi skuldabréfaeigandi á rétt á að fá samkvæmt skuldabréfaskilmálunum. Að því gefnu að slík skuldabréf séu ekki í vörslu verðbréfavörsluaðila sökum þess að þau voru gefin út vegna ágreiningskrafna eða skilyrtra krafna skal stjórn félagsins, eins fljótt og auðið er og í samræmi við grein 29.1, skipta áskriftarréttindum sem veitt voru vegna hvers breytanlegs skuldabréfs fyrir hlutfé í A-flokki og skrá það hlutfé í A-flokki á nafn viðkomandi skuldabréfaeiganda.
- 29.6 Ef ágreiningskrafta er enn óútkljáð og hefur ekki verið viðurkennd sem samningskrafta þegar að breytingu breytanlegu skuldabréfanna kemur, þá skulu áskriftarréttindi sem veitt voru samkvæmt gr. 29.5 vegna slíkra skuldabréfa í tengslum við téða ágreiningskröfu vera skilyrt og ekki framseljanleg („skilyrt áskriftarréttindi“) og verður þeim þá aðeins skipt fyrir hlutfé í A-flokki í félaginu ef og að því marki sem slík ágreiningskrafta er viðurkennd sem samningskrafta. Þegar það gerist skal stjórn félagsins, í samræmi við grein 7, skipta skilyrtu áskriftarréttindunum fyrir hlutfé í A-flokki að samsvarandi fjárhæð og skrá það á nafn

viðkomandi samningskröfuhafa. Ef víst þykir að ágreiningskrafa verði ekki viðurkennd sem samningskrafa að hluta eða öllu leyti, þá skulu öll skilyrt áskriftarréttindi sem tengjast slíkri ágreiningakröfu sem hefur verið endanlega hafnað falla niður.

- 29.7 Ef skilyrt krafa er enn óútljád og hefur ekki verið viðurkennd sem samningskrafa þegar að breytingu breytanlegu skuldabréfanna kemur, þá skulu áskriftarréttindi sem veitt voru samkvæmt gr. 29.5 vegna slíkra skuldabréfa í tengslum við téða skilyrta kröfu vera skilyrt áskriftarréttindi og verður þeim þá aðeins skipt fyrir hlutafé í A-flokki í félaginu ef og að því marki sem slík skilyrt krafa er viðurkennd sem samningskrafa. Þegar það gerist skal félagið skipta skilyrtu áskriftarréttindunum fyrir hlutafé í A-flokki að samsvarandi fjárhæð og skrá það á nafn viðkomandi samningskröfuhafa. Ef víst þykir að skilyrt krafa verði ekki viðurkennd sem samningskrafa að hluta eða öllu leyti, þá skulu skilyrt áskriftarréttindi sem tengjast slíkri skilyrtri kröfu sem hefur verið endanlega hafnað falla niður.
- 29.8 Stjórn félagsins er skylt að sjá til þess að áskriftarréttindi og skilyrt áskriftarréttindi séu endurnýjuð árlega eða að öðru leyti eins og þörf á samkvæmt íslenskum lögum.
- 29.9 Til þess að taka af vafa skal tekið fram að; (i) útgáfa og nýting áskriftarréttinda eða skilyrtra áskriftarréttinda veitir þeim hluthöfum sem fyrir eru engan forgangsrétt, og (ii) áskriftarréttindi (þar með talin skilyrt áskriftarréttindi) eru ekki framseljanleg.

30. gr.

VERÐBRÉFAVARSLA

- 30.1 Samkvæmt nauðasamningnum kann félaginu að vera skylt að setja hlutafé í vörslu eins og kveðið er á um í 6. mgr. 103. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Félagið mun gera vörslusamning („verðbréfavörslusamningur“) við verðbréfavörsluaðila (eða þann sem leysir hann af hólmi hverju sinni, „verðbréfavörsluaðili“) sem felur í sér að félagið muni framkvæma þessar vörsluráðstafanir í samræmi við skilmála nauðasamningsins („verðbréfavarsla“). Félagið skal haga verðbréfavörslu (þar á meðal með skriflegri tilkynningu til verðbréfavörsluaðila um að láta af hendi reiðufé, breytanleg skuldabréf og hlutafé í A-flokki (eftir því sem við á)) í samræmi við nauðasamninginn og verðbréfavörslusamninginn og af tilhlýðilegri vandvirkni, skynsemi og varkárni.
- 30.2 Engra atkvæðaréttinda verður neytt vegna hlutafjár í A-flokki sem er í vörslu, eða skráð á nafn, verðbréfavörsluaðila samkvæmt verðbréfavörslusamningnum.

31. gr.

ÁGREININGSKRÖFUR OG SKILYRTAR KRÖFUR

- 31.1. Félagið skal haga meðferð, eftirliti, umsýslu og uppgjöri ágreiningskrafna og skilyrtra krafna í samræmi við nauðasamninginn. Félagið skal einkum annast um, hafa umsýslu með eða annast stjórnun á málsmeðferð vegna sérhverrar ágreiningskröfu sem hefur verið vísað til úrlausnar íslenskra dómstóla.
- 31.2 Félagið skal rækja ofangreindar skyldur sínar og verkefni af tilhlýðilegri vandvirkni, skynsemi og varkárni.

32. gr.

FARIÐ AÐ NAUÐASAMNINGI

- 32.1 Félagið skal efna, og stjórn félagsins skal sjá til þess að það efni, skuldbindingar sínar samkvæmt nauðasamningnum og verðbréfavörslusamningnum.

IX. kafli
Ýmis ákvæði

33. gr.

SKORÐUR VIÐ ARÐGREIÐSLUM

- 33.1 Meðan breytanlegu skuldabréfin hafa ekki verið að fullu greidd er óheimilt að greiða arð til hluthafa. Að því marki sem arður verður greiddur meðan enn eru til staðar skilyrt áskriftarréttindi sem ekki hefur verið breytt í A-hluti skal félagið sjá til þess að jafnhá fjárhæð þeim arðgreiðslum sem greiddar hefðu verið til eiganda hlutafjár í A-flokki sem síðar er hægt að skipta hinum skilyrtu áskriftarréttindum í, sé tekin til hliðar og varðveitt. Við sérhverja síðari afhendingu hlutafjár í A-flokki á grundvelli skilyrtra áskriftarréttinda skal félagið greiða sérhverjum hluthafa sem þannig eignast hlutafé í A-flokki, fjárhæð sem samsvarar þeirri fjárhæð arðs sem áður var tekin til hliðar og varðveitt vegna hinna skilyrta réttinda, sem nemur þeirri fjárhæð hlutafjár í A-flokki sem um ræðir.

34. gr.


ÁKVÆÐI LAGA

- 34.1 Um öll atriði sem ekki er kveðið á um í samþykktum þessum skal fara samkvæmt ákvæðum laga um einkahlutafélög, laga um ársreikninga og öðrum ákvæðum laga eftir því sem við á.

35. gr.

STAÐFESTING SAMÞYKKTA

- 35.1 Samþykktir þessar voru samþykktar hinn 14. september 2021. Um leið féllu úr gildi eldri samþykktir félagsins.



Arsæll Hafsteinsson, framkvæmdastjóri

Viðauki 1

Í samþykktum þessum gilda eftirfarandi skilgreiningar:

„Hlutdeildarfélag“	merkir, í samhengi við sérhvern aðila: (i) dótturfélag viðkomandi aðila; (ii) móðurfélag viðkomandi aðila; (iii) hvaða annað dótturfélag móðurfélagsins sem vísað er til í (ii); eða (iv) hvaða aðila sem er undir umráðum frá, hefur umráð yfir eða lýtur sömu umráðum og viðkomandi aðili.
„Uppgefinn heildarhöfuðstóll skuldabréfa“	merkir heildarfjárhæð höfuðstóls breytanlegra skuldabréfa sem eru útistandandi hverju sinni, eins og sjá má á heimasíðu félagsins;
„Hluthafi í A-flokki“	merkir aðili sem er skráður eigandi einhverra hluta í A-flokki;
„Framsalshafi hluta í A-flokki“	merkir aðili sem hluthafi í A-flokki framselur eða hyggst framselja einhverja hluti sína í A-flokki;
„Framseljandi hluta í A-flokki“	merkir hluthafi í A-flokki sem framselur eða hyggst framselja öðrum aðila einhverja hluti sína í A-flokki;
„Hluthafi í B-flokki“	merkir aðili sem er skráður eigandi einhverra hluta í B-flokki;
„Framsalshafi hluta í B-flokki“	merkir aðili sem hluthafi í B-flokki framselur eða hyggst framselja einhverja hluti sína í B-flokki;
„Framseljandi hluta í B-flokki“	merkir hluthafi í B-flokki sem framselur eða hyggst framselja öðrum aðila einhverja hluti sína í B-flokki;
„Nauðasamningur“	hefur þá merkingu sem fram kemur í grein 4.1 samþykktu þessara;
„Samningskrafa“	merkir ótryggð krafa á hendur félaginu, sbr. skilgreiningu í 1. mgr. 29. gr., sbr. einnig 1. mgr. 28. gr., laga um gjaldþrotaskipti, að fjárhæð yfir 11.821.975 krónur;
„Skilyrt krafa“	merkir samningskrafa á hendur félaginu, sem er háð tilteknu skilyrði og verður viðurkennd samningskrafa ef og þegar slíku skilyrði er fullnægt;
„Skilyrt áskriftarréttindi“	hefur þá merkingu sem fram kemur í grein 29.6 samþykktu þessara;
„Umráð“	merkir beint eða óbeint vald til að fyrirskipa eða sjá til þess að fyrirskipað verði um stjórn og stefnu aðila, hvort sem er vegna eignarráða þeirra verðbréfa sem veita atkvæðisrétt, vegna samnings eða af öðrum ástæðum (til áréttingar gildir því að (a) samlagsfélag skal talið undir umráðum framkvæmdastjóra síns, félagsmanns með ótakmarkaða ábyrgð og/eða hvers þess sem hefur verið falið að fara með umráð eða þess sem félagið hefur falið

	að fara með það hlutverk sem annars væri í höndum framkvæmdastjóra eða félagsmanns með ótakmarkaða ábyrgð, og (b) sjóður skal talinn undir umráðum framkvæmdastjóra síns og/eða hvers þess sem hefur verið falið að fara með slík umráð).
„Hluthafar sem hafa vanefnt bindiskilyrðið“	merkir hluthafi í A-flokki sem á umframhluti í A-flokki;
„Ágreiningskrafta“	merkir krafta kröfuhafa á hendur félaginu þar sem afstöðu félagsins til kröfunnar hefur verið andmælt annað hvort af umræddum kröfuhafa eða einhverjum öðrum kröfuhafa félagsins og ekki hefur verið endanlega leyst úr ágreiningi um kröfuna fyrir íslenskum dómstólum eða með samkomulagi deiluaðila, og sem teldist samningskrafta ef félagið viðurkenndi hana.
„Hlutfall umframeignar á hlutum í A-flokki“	merkir, í tengslum við hluthafa í A-flokki, hlutfallsleg eign samstæðu hans á hlutum í A-flokki sem er umfram hlutfallslega eign samstæðu hans á breytanlegum skuldabréfum;
„Umframhlutir í A-flokki“	merkir, í tengslum við hluthafa í A-flokki, sá fjöldi hluta í A-flokki sem liggur að baki hlutfalli umframeignar samstæðu hans á hlutum í A-flokki;
„Samstæða“	merkir, í tengslum við sérhvern aðila, þann aðila og hlutdeildarfélag hans.
„Móðurfélag“	merkir, í tengslum við félag eða fyrirtæki, sérhvert annað félag eða fyrirtæki hvers það er dótturfélag.
„Hlutfallsleg eign“	merkir: <ul style="list-style-type: none"> (i) í tengslum við breytanleg skuldabréf, það hlutfall (gefið upp sem prósentu) sem fæst með því að deila heildarfjárhæð höfuðstóls skuldabréfa sem eru í eigu tiltekins aðila með uppgefnum heildarhöfuðstóli skuldabréfa; og (ii) í tengslum við hluti í A-flokki, það hlutfall (gefið upp sem prósentu) sem fæst með því að deila heildarfjölda hluta í A-flokki sem eru í eigu tiltekins hluthafa með viðeigandi fjölda hluta í A-flokki;
„Viðeigandi fjöldi hluta í A-flokki“	merkir heildarfjöldi hluta í A-flokki í hlutafé félagsins á hverjum tíma, að viðbættum öllum hlutum í A-flokki sem félagið hefur innleyst sem lið í úrbótaáðgerðum sem tilkynnt var um á heimasíðu þess;

„Úrbótaáðgerð“

merkir aðgerðir sem félagið kann að grípa til samkvæmt greinum 12 til 14 í samþykktum þessum (að báðum meðtöldum) ef bindiskilyrðinu er ekki fullnægt sökum framsals;

„Verðbréfavörslusamningur“

hefur þá merkingu sem fram kemur í grein 30.1 samþykktu þessara;

„Bindiskilyrði“

merkir það skilyrði framsals á hlutum í A-flokki um að:

- (i) framsalið sé annað hvort framkvæmt af framseljanda í A-flokki til hlutdeildarfélags síns, eða
- (ii) ef liður (i) að ofan á ekki við, að strax að loknu slíku framsali á hlutum í A-flokki frá framseljanda í A-flokki til framsalshafa í A-flokki sé hlutfallsleg eign samstæðu framseljanda í A-flokki á breytanlegum skuldabréfum sú sama (eða efnislega svipuð svo að litlu skeiki í hlutfallslegum stærðum slíkra eignarhluta (eins og ákveðið er af stjórn félagsins samkvæmt hennar eigin ákvörðun)) og hlutfallsleg eign hennar á hlutum í A-flokki, og að hlutfallsleg eign samstæðu framsalshafa í A-flokki á breytanlegum skuldabréfum sé sú sama og hlutfallsleg eign hennar á hlutum í A-flokki (eða efnislega svipuð svo að litlu skeiki í hlutfallslegum stærðum slíkra eignarhluta (eins og ákveðið er af stjórn félagsins samkvæmt hennar eigin ákvörðun)),

og það skilyrði vegna framsals breytanlegu skuldabréfanna að annað hvort:

- (iii) sé framsalið gert af handhafa breytanlegs skuldabréfs til hlutdeildarfélags; eða
- (iv) ef málsgrein (iii) að ofan á ekki við, að strax að loknu slíku framsali breytanlegra skuldabréfa milli handhafa skuldabréfa, sé hlutfallsleg eign samstæðu handhafans á hlutafé í A-flokki sú sama og á breytanlegum skuldabréfum (eða efnislega svipuð svo að litlu skeiki í hlutfallslegum stærðum slíkra eignarhluta (eins og ákveðið er af stjórn félagsins samkvæmt hennar eigin ákvörðun)) og að hlutfallsleg eign samstæðu handhafans á hlutum í A-flokki sé sú sama og eign samstæðu handhafans á breytanlegum skuldabréfum (eða efnislega svipuð svo að litlu skeiki í hlutfallslegum stærðum slíkra eignarhluta (eins og ákveðið er af

stjórn félagsins samkvæmt hennar eigin ákvörðun));

„Áskriftarréttindi“

hefur þá merkingu sem fram kemur í grein 29.5 samþykkt þessara;

„Dótturfélag“

merkir hvaða félag, félagsskap, sameignarfélag eða annars konar rekstrareiningu sem yfir 50 hundraðshlutar atkvæðaréttar eða hlutafjár er á hverjum tíma í eigu eða undir beinum umráðum tiltekins aðila, þess aðila og eins eða fleiri dótturfélaga hans, eða eins eða fleiri dótturfélaga þess aðila;

„Framsál“

merkir hvers kyns sala, framsal eða önnur ráðstöfun (hvort sem er gegn endurgjaldi eða ekki og hvort sem hún er valkvæð eða tilneydd) á formlegum eða raunverulegum eignarrétti að hlutafé í A-flokki og/eða B-flokki og/eða breytanlegra skuldabréfa, þar á meðal, án takmörkunar, hvers kyns ráðstöfun veðhafa við fullnustu veðs eða annarra tryggingarréttinda í hlutafé í A-flokki eða B-flokki og breytanlegra skuldabréfa;

„Framsálsilkynning“

merkir framsálsilkynning á því formi sem er að finna á heimasíðu félagsins, eins og því kann að vera breytt á hverjum tíma af félaginu og ný útgáfa birt á heimasíðunni;

„Framsalsshafi“

merkir framsalsshafi í A-flokki eða framsalsshafi í B-flokki, eftir því sem leiðir af samhengi;

„Framseljandi“

merkir framseljandi í A-flokki eða framseljandi í B-flokki, eftir því sem leiðir af samhengi;

„Heimasíða“

merkir heimasíða félagsins sem er notuð til samskipta við hluthafa í A-flokki og B-flokki og til að veita þeim upplýsingar, svo og sérhver önnur vefsíða eða vefsíða sem leysir hana af hólmi sem félagið tilkynnir hluthöfum í A-flokki og B-flokki um hverju sinni.